
Minnisblað

Dagsetning: 25. nóvember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2010085

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19 frá og með 2. desember 2020.

Þann 18. nóvember 2020 tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum innanlands nr. 1105/2020 vegna COVID-19 sem gildir til og með 1. desember 2020. Þann 18. nóvember 2020 tók einnig gildi önnur reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar (nr. 1106/2020) og gildir hún sömuleiðis til og með 1. desember.

Í þessu minnisblaði koma einungis tillögur um afléttingu takmarkana á aðgerðum innanlands en tillögur um afléttingu takmarkana á skólahaldi koma í sér minnisblaði.

Frá því að fyrrgreindar reglugerðir tóku gildi hefur COVID-19 faraldurinn verið á niðurleið hér innanlands og greinast nú daglega 3-7 smit og eru flestir þeirra sem greinast í sóttkví við greiningu. Hins vegar er fólk enn að greinast utan sóttkvíar sem segir okkur að veiran er til staðar í samfélaginu þó í litlum mæli sé.

Því er hægt að fullyrða að þær aðgerðir sem gripið var til 18. nóvember sl. hafa skilað umtalsverðum árangri í fækkun á nýgengi smita og sömuleiðis minna álagi á sjúkrastofnanir. Á sama tíma hefur töluverður fjöldi verið að greinast á landamærunum sem segir okkur að enn er sú hættu fyrir hendi að annar faraldur geti blossað hér upp ef ekki verður farið með gát.

Ég legg því til eftirfarandi takmarkanir innanlands frá og með 2. desember 2020:

1. Þær takmarkanir sem taki gildi 2. desember 2020 muni gilda í 2 vikur.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði miðaðar við 20 manns með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar verða sérstaklega hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.
3. Náandarregla verði áfram tveir metrar með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.
4. Sund- og baðstaðir megi opna fyrir 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2005 og síðar teljist ekki með.
5. Íþróttaæfingar fullorðinna með eða án snertingar í íþróttum innan ÍSÍ verði heimilar í efstu deildum. Hámarksfjöldi í hverju hólfu verði 25 manns. Æfingar afreksmanna í einstaklingsbundnum íþróttum verði heimilar. Æfingar sem krefjast snertingar innan bardagaíþrótta verði ekki heimilar. Sameiginleg búningsaðstaða verði lokuð. Sameiginleg áhöld verði sóttthreinsuð a.m.k. tvisvar á dag. Íþróttakeppni verði óheimil.
6. Líkamsræktarstöðvar verði áfram lokaðar.

7. Sviðslistir:

- a. Æfingar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 30 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast verði við að viðhafa tveggja metra nándarreglu. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag.
 - b. Heimilt verði að taka á móti allt að 50 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu. Hlé og áfengissala á sýningum verði ekki leyfð.
 - c. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
 - d. Heimilt verði að taka á móti grunn- og leikskólabörnum á sýningar með sömu takmörkunum og gilda í skólastarfi.
8. Verslanir megi taka á móti 50 manns í hverju hólfi (börn teljast ekki með). Fyrir hverja 10 m² má bæta við einum viðskiptavini að hámarki 200 manns. Gæta skal að tveggja metra nálægðarreglu og grímuskyldu eins og áður.
 9. Veitingahús megi taka á móti 20 viðskiptavinum í hverju rými. Gætt verði að tveggja metra reglunni. Opnunartími verði til kl. 21.
 10. Krár og spilasalir verði áfram lokaðir
 11. Grímuskylda verði óbreytt.

Ofangreindar tillögur eru gerðar með þeim fyrirvara að faraldurinn breytist ekki frá þeim tíma þegar þetta minnisblað er ritað þar til að ný reglugerð mun taka gildi þ. 2. desember n.k.